

AUGLÝSING

um samning um vernd menningarverðmæta komi til vopnaðra átaka.

Hinn 5. desember 2022 var aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) afhent aðildarskjal Íslands vegna samnings um vernd menningarverðmæta komi til vopnaðra átaka, sem gerður var í Haag 14. maí 1954, og fyrstu bókunar við samninginn frá 1954. Samningurinn og bókunin öðluðust gildi gagnvart Íslandi 5. mars 2023.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari en bókunin sem fylgiskjal 2. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 14. mars 2023.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR

UM VERND MENNINGARVERÐMÆTA KOMI TIL VOPNAÐRA ÁTAKA,
ÁSAMT REGLUM UM FRAMKVÆMD SAMNINGSINS FRÁ 1954

Haag 14. maí 1954

Aðilar að samningi þessum,

sem viðurkenna að gífurlegt tjón hafi orðið á menningarverðmætum í nýafstöðnum vopnuðum átökum og að aukin hætta sé á eyðileggingu þeirra vegna þróunar hernaðartækni,

sem eru sannfærðir um að tjón á menningarverðmætum hvaða þjóðar sem er sé tjón á menningararfi alls mannkyns, þar eð sérhver þjóð leggur sitt af mörkum til menningar heimsins,

sem hafa í huga að varðveisla menningararfs er öllum þjóðum heims afar mikilvæg og að brýnt sé að sá arfur hljóti alþjóðlega vernd,

sem taka mið af þeim meginreglum um vernd menningarverðmæta meðan á vopnuðum átökum stendur sem komið var á með Haag-samningunum frá 1899 og 1907 og Washington-samningnum frá 15. apríl 1935,

sem eru þeirrar skoðunar að fyrrnefnd vernd geti ekki skilað árangri nema bæði innlendar og alþjóðlegar ráðstafanir hafi verið gerðar á friðartímum til þess að skipuleggja hana,

sem eru staðráðnir í að grípa til allra hugsanlegra aðgerða til þess að vernda menningarverðmæti, hafa orðið ásáttir um eftirfarandi ákvæði:

I. KAFLI

Almenn ákvæði um vernd.

1. gr.

Skilgreining á menningarverðmætum.

Í samningi þessum tekur hugtakið „menningarverðmæti“ til, án tillits til uppruna eða eignarhalds:

- a) hreyfanlegra og óhreyfanlegra verðmæta, sem hafa mikla þýðingu fyrir menningararf allra þjóða, t.d. minnisvarða um byggingarlist, listir eða sögu, hvort sem þau eru af trúarlegum eða veraldlegum toga, fornminjastaða, þyrpinga bygginga sem í heild sinni hafa sögulega eða listræna þýðingu, listaverka, handrita, bóka og annarra hluta sem hafa listræna og sögulega þýðingu eða þýðingu með tilliti til fornminja, einnig vísindalegra safna og mikilvægra safna bóka eða skjala eða endurgerða þeirra verðmæta sem eru skilgreindar hér að framan,
- b) bygginga sem hafa það meginhlutverk og hagnýta tilgang að varðveita eða sýna þau hreyfanlegu menningarverðmæti sem eru skilgreind í a-lið, t.d. minjasafna, stórra bókasafna og geymslustaða skjalasafna og skýla sem er ætlað að verja, komi til vopnaðra átaka, þau hreyfanlegu menningarverðmæti sem eru skilgreind í a-lið,
- c) miðstöðva fyrir verulegt magn menningarverðmæta, eins og skilgreint er í a- og b-lið, sem eru þekktar sem „miðstöðvar minnisvarða“.

2. gr.

Vernd menningarverðmæta.

Í samningi þessum felur vernd menningarverðmæta það í sér að standa vörð um og virða slík verðmæti.

3. gr.

Varðstaða um menningarverðmæti.

Samningsaðilarnir skuldbinda sig á friðartímum til þess að standa vörð um menningarverðmæti á yfirráðasvæði sínu og verja þau gegn fyrirsjáanlegum afleiðingum vopnaðra átaka með því að gera þær ráðstafanir sem þeir telja hæfa.

4. gr.

Virðing fyrir menningarverðmætum.

1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til þess að virða menningarverðmæti á yfirráðasvæði sínu og einnig á yfirráðasvæði annarra samningsaðila, með því hvorki að nota þau né nánasta umhverfi þeirra, eða þann búnað sem er hafður þeim til verndar, í tilgangi sem er líklegur til að leiða til eyðileggingar þeirra eða tjóns á þeim komi til vopnaðra átaka og með því að forðast að efna til fjandsamlegra aðgerða sem beinast gegn fyrrnefndum verðmætum.
2. Því aðeins er heimilt að víkja frá þeim skuldbindingum er um getur í 1. mgr. þessarar greinar í tilvikum þar sem brýn hernaðarleg nauðsyn kallar á slíkt.
3. Samningsaðilarnir skuldbinda sig enn fremur til þess að banna, koma í veg fyrir og, ef nauðsyn krefur, stöðva hvers kyns þjófnað, gripdeildir eða óréttmæta nýtingu og hvers kyns spellvirki sem er beint gegn menningarverðmætum. Þeir skulu forðast að leggja hald á hreyfanleg menningarverðmæti sem eru staðsett á yfirráðasvæði annars samningsaðila.
4. Þeir skulu forðast að aðhafast nokkuð það sem telst hefndarráðstöfun og beinist gegn menningarverðmætum.
5. Engum samningsaðila er heimilt að sneiða hjá þeim skuldbindingum sem hvíla á honum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, gagnvart öðrum samningsaðila, af þeirri ástæðu að síðarnefndi samningsaðilinn hafi ekki gert þær verndarráðstafanir er um getur í 3. gr.

5. gr.

Hernám.

1. Samningsaðili, sem hefur hernumið yfirráðasvæði annars samningsaðila í heild eða að hluta, skal styðja, eins og frekast er unnt, lögbær landsyfirvöld henumda landsins í þeirri viðleitni að vernda og varðveita menningarverðmæti þess.
2. Reynist nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að varðveita menningarverðmæti, sem eru staðsett á henumdu svæði og hafa skemmst í hernaðaraðgerðum, og séu lögbær landsyfirvöld ófær um að gera þær ráðstafanir skal hernámsríkið, eftir því sem framast er unnt og í náinni samvinnu við fyrirnefnd yfirvöld, gera allra nauðsynlegustu ráðstafanir til varðveislu.
3. Samningsaðili, þar sem meðlimir andspyrnuhreyfingar líta á stjórnvöld sem sín réttmætu stjórnvöld, skal, verði því við komið, vekja athygli þeirra á þeirri skyldu að virða þau ákvæði samningsins sem fjalla um virðingu fyrir menningarverðmætum.

6. gr.

Auðkennandi merking menningarverðmæta.

Heimilt er, í samræmi við ákvæði 16. gr., að menningarverðmæti beri auðkennandi merki til þess að auðveldara sé að bera kennsl á þau.

7. gr.

Hernaðarlegar ráðstafanir.

1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til þess að innleiða á friðartímum í herreglur sínar eða -fyrirmæli ákvæði af þeim toga sem kunna að tryggja að samningur þessi verði virtur og rækta virðingu fyrir menningu og menningarverðmætum allra þjóða meðal liðsmanna herafla síns.
2. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til þess að skipuleggja eða koma á, á friðartímum, þjónustu eða liði sérfræðinga innan herafla síns sem mun gegna því hlutverki að tryggja að virðing sé borin fyrir menningarverðmætum og að unnið sé með borgaralegum yfirvöldum sem bera ábyrgð á varðveislu þeirra.

II. KAFLI Sérstök vernd.

8. gr.

Veiting sérstakrar verndar.

1. Komi til vopnaðra átaka er heimilt að setja takmarkaðan fjölda skýla sem eiga að verja hreyfanleg menningarverðmæti, takmarkaðan fjölda miðstöðva fyrir afar þýðingarmikla minnisvarða og önnur óhreyfanleg menningarverðmæti undir sérstaka vernd að því tilskildu að þau:
 - a) séu staðsett nægilega fjarri iðnaðarmannvirkjum eða hernaðarlega mikilvægu takmarki, sem eru illa verjanlegir staðir, m.a. flugvöllum, útvarpsstöðvum, stofnunum sem vinna að landvörnum, höfnum eða járnbrautarstöðvum sem eru tiltölulega mikilvægar eða meginsamskiptaleiðum,
 - b) séu ekki notuð í hernaðarlegum tilgangi.
2. Einnig er heimilt að setja skýli fyrir hreyfanleg menningarverðmæti undir sérstaka vernd, hvar sem það er staðsett, sé það þannig úr garði gert að það muni að öllum líkindum ekki verða fyrir sprengjutfjötri.
3. Ávallt skal litið svo á að miðstöð fyrir minnisvarða sé notuð í hernaðarlegum tilgangi þegar hún er notuð til flutninga á herliði eða hergögnum, jafnvel til gegnumfarar. Hið sama gildir ætíð þegar starfsemi, sem tengist beint hernaðaraðgerðum, staðsetningu herliðs eða framleiðslu hergagna, fer fram innan viðkomandi miðstöðvar.
4. Gæsla menningarverðmæta sem um getur í 1. mgr. hér að framan af hálfu vopnaðra varða með sérstaka heimild til slíkrar gæslu eða viðvera í nágrenni téðra menningarverðmæta af hálfu lögreglu, sem undir venjulegum kringumstæðum gætir allsherjarreglu, skal ekki talin hafa hernaðarlegan tilgang.
5. Séu menningarverðmæti, er um getur í 1. mgr. þessarar greinar, staðsett nálægt hernaðarlega mikilvægu takmarki, samanber skilgreiningu í fyrrnefndri málsgrein, er engu að síður heimilt að veita þeim sérstaka vernd skuldbindi samningsaðilinn, sem fer fram á þá vernd, sig til þess að nýta sér ekki það takmark komi til vopnaðra átaka og sér í lagi, ef um ræðir höfn, járnbrautarstöð eða flugvöll, að beina allri umferð frá því. Ef þannig háttar skal undirbúa slíka hjáleid á friðartímum.
6. Menningarverðmætum er veitt sérstök vernd með því að færa þau í „Alþjóðlega skrá yfir menningarverðmæti sem njóta sérstakrar verndar“. Færsla þessi skal einungis fara fram í samræmi við ákvæði samnings þessa og eftir þeim skilyrðum sem kveðið er á um í reglum um framkvæmd samningsins.

9. gr.

Friðhelgi menningarverðmæta sem njóta sérstakrar verndar.

Samningsaðilarnir skuldbinda sig til þess að tryggja friðhelgi menningarverðmæta sem njóta sérstakrar verndar með því að forðast, frá því að þær eru færðar í alþjóðlegu skrána, hvers kyns fjandsamlegar aðgerðir sem beinast gegn þess konar verðmætum og, nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 5. mgr. 8. gr., hvers kyns nýtingu þeirra eða umhverfis þeirra í hernaðarlegum tilgangi.

10. gr.

Auðkenning og eftirlit.

Meðan á vopnuðum átökum stendur skal merkja menningarverðmæti, sem njóta sérstakrar verndar, því auðkennandi merki sem er lýst í 16. gr. og skulu þau vera aðgengileg vegna alþjóðlegs eftirlits eins og kveðið er á um í þeim reglum sem gilda um framkvæmd samningsins.

11. gr.

Afturköllun friðhelgi.

1. Efni samningsaðili ekki þær skuldbindingar sem fjallað er um í 9. gr., að því er varðar hlut sem telst menningarverðmæti og nýtur sérstakrar verndar, skal gagnaðilinn leystur undan þeirri skuldbindingu að tryggja friðhelgi viðkomandi verðmæta eins lengi og þess háttar vanefndir vara. Engu að síður og ávallt þegar þess er kostur skal síðarnefndi aðilinn fyrst fara fram á að fyrrnefndum vanefndum sé hætt innan hæfilegs frests.

2. Að frátöldu því tilviki, sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar, skal aðeins afturkalla friðhelgi menningarverðmæta, sem njóta sérstakrar verndar, í undantekningartilvikum sem teljast óumflýjanleg hernaðarleg nauðsyn og aðeins svo lengi sem slík nauðsyn varir. Ákvörðun um téða nauðsyn skal einungis hvíla á herðum þess yfirmanns sem stjórnar herliði, sem að stærð jafnast á við eða er stærra en herdeild. Ávallt þegar aðstæður leyfa skal tilkynna gagnaðilanum með hæfilegum fyrirvara um þá ákvörðun að afturkalla friðhelgi.
3. Sá aðili sem afturkallar friðhelgi skal eins fljótt og aðstæður leyfa tilkynna aðalframkvæmdastjóra menningarverðmæta, sem kveðið er á um í þeim reglum sem gilda um framkvæmd samningsins, þar um skriflega og tilgreina ástæður.

III. KAFLI

Flutningur menningarverðmæta.

12. gr.

Flutningur undir sérstakri vernd.

1. Flutningur, sem fer einungis fram vegna tilfærslu menningarverðmæta, hvort sem er innan yfirráðasvæðis eða til annars yfirráðasvæðis, getur að beiðni viðkomandi samningsaðila farið fram undir sérstakri vernd í samræmi við þau skilyrði sem eru tilgreind í þeim reglum sem gilda um framkvæmd samningsins.
2. Flutningur undir sérstakri vernd skal fara fram undir alþjóðlegu eftirliti sem kveðið er á um í fyrrnefndum reglum og bera hið auðkennandi merki sem er lýst í 16. gr.
3. Samningsaðilarnir skulu forðast að efna til fjandsamlegra aðgerða sem beinast gegn flutningi undir sérstakri vernd.

13. gr.

Flutningur í bráðatilvikum.

1. Telji samningsaðili, vegna öryggis tiltekinna menningarverðmæta, að nauðsynlegt sé að færa þau til og að málið sé svo brýnt að ekki sé unnt að fylgja þeirri aðferð sem mælt er fyrir um í 12. gr., einkum við upphaf vopnaðra átaka, er heimilt að sýna hið auðkennandi merki sem er lýst í 16. gr., að því tilskildu að ekki hafi þegar verið sótt um friðhelgi sem um getur í 12. gr. og henni verið hafnað. Senda ætti gagnaðilum tilkynningu um flutning svo fremi að aðstæður leyfi. Engu að síður er óheimilt að sýna hið auðkennandi merki þegar flutningur menningarverðmæta til yfirráðasvæðis annars lands fer fram, nema þeim hafi verið veitt friðhelgi með ótvíræðum hætti.
2. Samningsaðilarnir skulu eins og unnt er gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að forðast fjandsamlegar aðgerðir sem er beint gegn þeim flutningi sem er lýst í 1. mgr. þessarar greinar og sýna hið auðkennandi merki.

14. gr.

Friðhelgi gagnvart haldlagningu, hertöku og herfangi.

1. Veita skal eftirfarandi friðhelgi gagnvart haldlagningu, herfangi eða hertöku:
 - a) menningarverðmætum sem njóta þeirrar verndar sem kveðið er á um í 12. gr. eða verndar sem kveðið er á um í 13. gr.
 - b) þeim flutningatækjum sem einungis eru notuð til þess að færa fyrrnefnd menningarverðmæti til.
2. Ekkert í þessari grein takmarkar rétt til heimsóknar og leitar.

IV. KAFLI

Starfslið.

15. gr.

Starfslið.

Að því marki sem samræmist öryggissjónarmiðum skal það starfslið sem annast vernd menningarverðmæta njóta virðingar í þágu slíkra verðmæta og falli það í hendur gagnaðilans skal það fá að halda skyldustörfum sínum áfram í þeim tilvikum að þau menningarverðmæti sem það ber ábyrgð á hafa einnig komist í hendur gagnaðilans.

V. KAFLI
Auðkennandi merki.

16. gr.

Merki samningsins.

1. Hið auðkennandi merki samningsins skal vera í mynd skjaldar sem er oddmjór að neðanverðu og blár og hvítur með skálínum (skjöldur með kóngabláum ferningi þar sem eitt hornanna myndar odd skjaldarins og með kóngabláan þríhyrning ofan ferningsins og þar sem rýmið til beggja hliða er fyllt með hvítum þríhyrningi).
2. Merkið skal nota eitt sér eða í þrígang í þríhyrndri mynd (einn skjöldur neðst) samkvæmt þeim skilyrðum sem kveðið er á um í 17. gr.

17. gr.

Notkun merkisins.

1. Einungis er heimilt að nota auðkennandi merkið í þrígang til þess að auðkenna:
 - a) óhreyfanleg menningarverðmæti sem njóta sérstakrar verndar,
 - b) flutning menningarverðmæta samkvæmt þeim skilyrðum sem kveðið er á um í 12. og 13. gr.,
 - c) bráðabirgðaskýli samkvæmt þeim skilyrðum sem kveðið er á um í reglum um framkvæmd samningsins.
2. Einungis er heimilt að nota auðkennandi merkið eitt sér til þess að auðkenna:
 - a) menningarverðmæti sem njóta ekki sérstakrar verndar,
 - b) einstaklinga sem annast eftirlit í samræmi við reglur um framkvæmd samningsins,
 - c) starfslið sem annast vernd menningarverðmæta,
 - d) þau kennivottorð sem nefnd eru í reglum um framkvæmd samningsins.
3. Í vopnuðum átökum er óheimilt að nota hið auðkennandi merki í öðrum tilvikum en þeim sem eru tiltekin í málsgreinum þessarar greinar hér að framan og að nota merki sem líkist auðkennandi merkinu í hvaða tilgangi sem er.
4. Óheimilt er að setja hið auðkennandi merki á óhreyfanleg menningarverðmæti nema samtímis sé höfð til sýnis heimild sem lögbært yfirvald samningsaðilans dagsetur og undirritar á tilhlýðilegan hátt.

VI. KAFLI
Gildissvið samningsins.

18. gr.

Beiting samningsins.

1. Fyrir utan þau ákvæði samnings þessa sem taki gildi á friðartímum skulu ákvæði hans gilda þegar lýst er yfir stríði eða annars konar vopnuðum átökum, sem kann eða kunna að hefjast milli tveggja eða fleiri samningsaðila, jafnvel þótt stríðsástand sé ekki viðurkennt af hálfu eins þeirra eða fleiri.
2. Ákvæði samningsins skulu og gilda í öllum tilvikum þegar um ræðir allsherjarhernám eða hernám að hluta á yfirráðasvæði samningsaðila, jafnvel þótt slíku hernámi sé ekki mætt með vopnuðum mótaðgerðum.
3. Sé eitt þeirra ríkja sem stendur í átökum ekki aðili að samningi þessum skulu þau ríki sem eiga aðild að honum engu að síður vera áfram bundin af samningnum í samskiptum sín á milli. Þau skulu enn fremur vera bundin af samningnum með tilliti til fyrrnefnds ríkis, hafi það síðarnefnda lýst því yfir að það staðfesti ákvæði hans og eins lengi og það beitir þeim.

19. gr.

Átök sem eru ekki milliríkjaátök.

1. Er um ræðir vopnuð átök, önnur en ríkja í millum, sem verða á yfirráðasvæði eins samningsaðila skal sérhver aðili að slíkum átökum vera skuldbundinn til þess að beita a.m.k. ákvæðum samnings þessa um virðingu fyrir menningarverðmætum.
2. Aðilar að slíkum átökum skulu með sérsamningum kappkosta að taka í gildi öll önnur ákvæði samnings þessa eða hluta þeirra.
3. Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, getur boðið aðilum að átökunum þjónustu sína.

4. Beiting ákvæðanna hér að framan hefur ekki áhrif á réttarstöðu aðila að átökunum.

VII. KAFLI

Framkvæmd samningsins.

20. gr.

Reglur um framkvæmd samningsins.

Málsmeðferð við framkvæmd samnings þessa er skilgreind í reglum um framkvæmd hans sem eru óaðskiljanlegur hluti samningsins.

21. gr.

Verndarríki.

Beita skal samningi þessum og reglum um framkvæmd hans í samvinnu við þau verndarríki sem eru ábyrg fyrir því að gæta hagsmuna þeirra samningsaðila sem eiga aðild að átökunum.

22. gr.

Sáttameðferð.

1. Verndarríkin skulu veita aðstoð sína í öllum þeim tilvikum þar sem þau telja hana koma að gagni í þágu menningarverðmæta, einkum þegar ósamkomulag ríkir milli þeirra samningsaðila sem eiga í átökum um beitingu eða túlkun ákvæða samnings þessa eða reglna um framkvæmd hans.
2. Hvert verndarríki getur í þessu skyni, annaðhvort að beiðni eins samningsaðila, aðalframkvæmdastjóra UNESCO eða að eigin frumkvæði, lagt til við þá samningsaðila, sem eiga í átökum, að haldinn verði fundur málsvara þeirra og þá sérstaklega þeirra yfirvalda sem bera ábyrgð á vernd menningarverðmæta, sé slíkur fundur talinn viðeigandi og honum valinn staður á hentugu hlutlausu yfirráðasvæði. Þeir samningsaðilar sem eiga í átökum skulu bundnir af því að fara að tillögum um fund sem er beint til þeirra. Verndarríkin skulu leggja fram tillögu, til samþykktar af hálfu þeirra samningsaðila sem eiga í átökum, um einstakling frá hlutlausu ríki eða einstakling sem aðalframkvæmdastjóri UNESCO býður fram og skal slíkum einstaklingi boðin þátttaka í fyrrnefndum fundi sem formaður.

23. gr.

Aðstoð UNESCO.

1. Samningsaðilarnir geta leitað til UNESCO um tækniaðstoð til þess að skipuleggja vernd menningarverðmæta sinna eða vegna annarra úrlausnarefna sem leiðir af beitingu samnings þessa eða þeirra reglna sem gilda um framkvæmd hans. Stofnunin skal veita téða aðstoð eins og geta hennar leyfir samkvæmt áætlun hennar og þeim tilföngum sem hún ræður yfir.
2. Stofnunin hefur heimild til þess að leggja að eigin frumkvæði tillögur um málefni þetta fyrir samningsaðilana.

24. gr.

Sérsamningar.

1. Samningsaðilarnir geta gert með sér sérsamninga um hvaðeina sem málefnið varðar og þeir telja viðeigandi að setja sérstök ákvæði um.
2. Óheimilt er að gera sérsamninga sem myndu draga úr vernd sem er veitt menningarverðmætum og því starfsliði sem vinnur að henni samkvæmt samningi þessum.

25. gr.

Miðlun samningsins.

Samningsaðilarnir skuldbinda sig, jafnt á friðartímum sem á tímum vopnaðra átaka, til þess að miðla texta samnings þessa og þeirra reglna sem gilda um framkvæmd hans eins víða og aðstæður leyfa í landi hvers og eins. Þeir skuldbinda sig einkum til þess að fella lærdóm um fyrrnefndan texta inn í fræðsluáætlanir fyrir heri og, eftir föngum, borgarana til þess að öllum íbúum verði kynntar meginreglur hans, einkum hernum og því starfsliði sem vinnur að vernd menningarverðmæta.

26. gr.

Þýðingar og skýrslugjöf.

1. Samningsaðilarnir skulu fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjóra UNESCO senda hver öðrum opinbera þýðingu samnings þessa og þeirra reglna sem gilda um framkvæmd hans.
2. Þeir skulu enn fremur, að minnsta kosti einu sinni á fjögurra ára fresti, senda aðalframkvæmdastjóranum skýrslu sem inniheldur allar þær upplýsingar sem þeir telja henta um þær ráðstafanir sem stjórnsýslustofnanir hvers og eins hafa gert, undirbúið eða ígrundað í því skyni að efna samning þennan og fara að þeim reglum sem gilda um framkvæmd hans.

27. gr.

Fundir.

1. Aðalframkvæmdastjóra UNESCO er með samþykki framkvæmdastjórnarinnar heimilt að boða málsvara samningsaðilanna til funda. Hann skal boða til slíks fundar fari að minnsta kosti fimmtungur samningsaðilanna fram á það.
2. Með fyrirvara um hvert það hlutverk annað sem honum hefur verið ætlað samkvæmt samningi þessum eða þeim reglum sem gilda um framkvæmd hans mun tilgangur fyrrnefnds fundar verða að fjalla um úrlausnarefni viðvirkjandi beitingu samningsins og þeirra reglna sem gilda um framkvæmd hans og að setja fram tilmæli þeim viðkomandi.
3. Á fyrrnefndum fundi er og heimilt að taka fyrir endurskoðun samningsins eða þeirra reglna sem gilda um framkvæmd hans séu samankomnir málsvarar meirihluta samningsaðilanna og fari slík endurskoðun fram í samræmi við ákvæði 39. gr.

28. gr.

Viðurlög.

Samningsaðilarnir skuldbinda sig til þess að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir innan ramma almennrar refsilögsögu hvers og eins til þess að saksækja og refsa eða beita viðurlögum þá einstaklinga, af hvaða þjóðerni sem er, sem fremja eða fyrirskipa brot á ákvæðum samnings þessa.

Lokaákvæði.

29. gr.

Tungumál.

1. Samningur þessi er gerður á ensku, frönsku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir fjórir jafngildir.
2. UNESCO skal gera ráðstafanir vegna þýðingar samningsins yfir á önnur þau tungumál sem aðalráðstefna hennar fer fram á.

30. gr.

Undirritun.

Samningur þessi skal dagsettur 14. maí 1954 og skal liggja frammi til undirritunar til 31. desember 1954 af hálfu allra ríkja sem var boðin þátttaka í ráðstefnunni sem var haldin í Haag frá 21. apríl 1954 til 14. maí 1954.

31. gr.

Fullgilding.

1. Samningur þessi er háður fullgildingu undirritunarríkja í samræmi við stjórnskipulega málsmeðferð hvers þeirra um sig.
2. Skjöl um fullgildingu skulu afhent aðalframkvæmdastjóra UNESCO til vörslu.

32. gr.

Aðild.

Frá þeim degi þegar hann öðlast gildi skal samningur þessi liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja sem um getur í 30. gr. og ekki hafa undirritað hann, einnig annarra ríkja sem framkvæmda-

stjórn UNESCO býður að gerast aðilar. Aðild fer fram með því að afhenda aðalframkvæmdastjóra UNESCO aðildarskjal til vörslu.

33. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi þremur mánuðum eftir að fimm skjöl um fullgildingu hafa verið afhent til vörslu.
2. Upp frá því öðlast hann gildi gagnvart hverjum og einum samningsaðila þremur mánuðum eftir að skjal viðkomandi um fullgildingu eða aðild er afhent til vörslu.
3. Það ástand er um getur í 18. og 19. gr. Skal leiða til tafarlausrar fullgildingar eða aðildar sem viðkomandi aðilar að átökum afhenda til vörslu, annaðhvort áður eða eftir að hernaðaráttök hefjast eða hernám hefst. Þegar þannig háttar skal aðalframkvæmdastjóri UNESCO senda þau boðskipti er um getur í 38. gr. Eins hratt og frekast er unnt.

34. gr.

Skilvirk beiting.

1. Sérhverrt ríki, sem á aðild að samningnum þann dag sem hann öðlast gildi, skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja skilvirka beitingu ákvæða hans innan sex mánaða frá fyrrnefndri gildistöku.
2. Tímabil þetta skal vera sex mánuðir frá þeim degi þegar skjöl um fullgildingu eða aðild eru afhent til vörslu fyrir þau ríki sem afhenda skjal sitt um fullgildingu eða aðild eftir þann dag þegar samningurinn öðlast gildi.

35. gr.

Útvíkkun gildissviðs samningsins til annarra landsvæða.

Öllum samningsaðilum er, samhliða fullgildingu eða aðild eða hvenær sem er eftir það, heimilt að lýsa því yfir í tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra UNESCO að samningur þessi skuli ná til allra eða einhverra þeirra landsvæða sem þau ábyrgjast milliríkjasamskipti fyrir. Fyrrnefnd tilkynning tekur gildi þremur mánuðum eftir þann dag sem henni er veitt viðtaka.

36. gr.

Tengsl við fyrri samninga.

1. Í samskiptum ríkja, sem eru bundin af Haag-sáttmálunum um reglur og venjur stríðs á landi (IV) og um stórskotaárásir sjóherja á stríðstímum (IX), hvort sem um ræðir þá frá 29. júlí 1899 eða frá 18. október 1907, og eru aðilar að samningi þessum, skal þessi síðastnefndi samningur vera viðbót við fyrrnefndan sáttmála (IX) og við þær reglur sem eru í viðauka við fyrrnefndan sáttmála (IV) og skal merkið, sem er lýst í 16. gr. samnings þessa, koma í stað þess merkis sem er lýst í 5. gr. fyrrnefnds sáttmála (IX) í tilvikum þegar samningur þessi og þær reglur sem gilda um framkvæmd hans kveða á um notkun þessa auðkennandi merkis.
2. Í samskiptum ríkja, sem eru bundin af Washington-samningnum frá 15. apríl 1935 um vernd lista- og vísindastofnana og sögulegra minnisvarða (Roerich-samningnum) og eru aðilar að samningi þessum, skal síðarnefndi samningurinn vera viðbót við Roerich-samninginn og skal merkið, sem er skilgreint í 16. gr. samnings þessa, koma í stað þess auðkennisfána sem er lýst í III. gr. Roerich-samningsins í tilvikum þegar samningur þessi og þær reglur sem gilda um framkvæmd hans kveða á um notkun þessa auðkennandi merkis.

37. gr.

Uppsögn.

1. Sérhverjum samningsaðila er heimilt að segja samningi þessum upp fyrir sína hönd eða þeirra landsvæða sem hann ábyrgist milliríkjasamskipti fyrir.
2. Tilkynna skal uppsögnina skriflega og afhenda hana aðalframkvæmdastjóra UNESCO til vörslu.
3. Uppsögnin tekur gildi einu ári eftir viðtöku uppsagnarskjalsins. Eigi uppsagnaraðilinn hins vegar hlutdeild í vopnuðum átökum þegar fyrrnefnt tímabil er á enda, skal uppsögnin ekki taka gildi

fyrir en hernaðaráttökum er lokið eða fyrir en aðgerðum vegna heimsendingar menningarverðmæta er lokið hvort sem síðar verður.

38. gr.

Tilkynningar.

Aðalframkvæmdastjóri UNESCO skal veita þeim ríkjum er um getur í 30. og 32. gr., sem og Sameinuðu þjóðunum, upplýsingar um afhendingu allra skjala um fullgildingu, aðild eða staðfestingu, sem kveðið er á um í 31., 32. og 39. gr., og um þær tilkynningar og uppsagnir sem, eftir því sem við á, er kveðið á um í 35., 37. og 39. gr.

39. gr.

Endurskoðun samningsins og þeirra reglna sem gilda um framkvæmd hans.

1. Hvaða samningsaðili sem er getur lagt til breytingar á samningi þessum eða þeim reglum sem gilda um framkvæmd hans. Senda skal aðalframkvæmdastjóra UNESCO texta breytingartillögu og skal hann senda sérhverjum samningsaðila þann texta með beiðni um að viðkomandi samningsaðili svari innan fjögurra mánaða og taki fram hvort hann:
 - a) vilji að kölluð verði saman ráðstefna til þess að fjalla um fyrirbyggjandi breytingartillögu,
 - b) sé fylgjandi staðfestingu breytingartillögunnar án ráðstefnuhalds eða
 - c) sé fylgjandi því að breytingartillögunni sé hafnað án ráðstefnuhalds.
2. Aðalframkvæmdastjórinn skal senda öllum samningsaðilum þau svör sem berast skv. 1. mgr. þessarar greinar.
3. Upplýsi allir samningsaðilarnir, sem innan tilgreinds frests hafa greint aðalframkvæmdastjóra UNESCO frá skoðunum sínum skv. b-lið 1. mgr. þessarar greinar, aðalframkvæmdastjórann um að þeir séu fylgjandi staðfestingu téðrar breytingar án ráðstefnuhalds skal aðalframkvæmdastjórinn tilkynna um ákvörðun þeirra í samræmi við 38. gr. Breytingin skal taka gildi gagnvart öllum samningsaðilunum eftir að liðnir eru níutíu dagar frá dagsetningu fyrrnefndrar tilkynningar.
4. Aðalframkvæmdastjórinn skal kalla saman ráðstefnu allra samningsaðilanna til þess að fjalla um breytingartillöguna, berist honum beiðni þar um frá meira en þriðjungi samningsaðilanna.
5. Breytingar á samningnum eða þeim reglum sem gilda um framkvæmd hans, sem fjallað er um samkvæmt ákvæðum málsgreinarinnar hér að framan, skulu öðlast gildi fyrst eftir að þeir samningsaðilar, sem eiga málsvara á ráðstefnunni, hafa samþykkt þær einróma og sérhver samningsaðili hefur staðfest þær.
6. Staðfesting samningsaðilanna á breytingum á samningnum eða á þeim reglum sem gilda um framkvæmd hans, sem ráðstefnan er um getur í 4. og 5. mgr. hefur samþykkt, fer fram með því að afhenda aðalframkvæmdastjóra UNESCO formlegt skjal til vörslu.
7. Eftir að breytingar á samningi þessum eða á þeim reglum sem gilda um framkvæmd hans öðlast gildi skulu einungis þeir textar samningsins eða þeirra reglna sem gilda um framkvæmd hans, sem þannig er breytt, liggja áfram frammi til fullgildingar eða aðildar.

40. gr.

Skráning.

Samningur þessi skal, í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, skráður hjá aðal-skrifstofu Sameinuðu þjóðanna að beiðni aðalframkvæmdastjóra UNESCO.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Haag 14. maí 1954 í einu eintaki sem skal afhent til vörslu í skjalasafni UNESCO og skulu staðfest, rétt eintök hans afhent þeim ríkjum sem um getur í 30. og 32. gr. og Sameinuðu þjóðunum.

*Reglur um framkvæmd samningsins um vernd menningarverðmæta komi til vopnaðra átaka***I. KAFLI****Eftirlit.****1. gr.***Alþjóðlegur listi yfir aðila.*

Við gildistöku samningsins skal aðalframkvæmdastjóri Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, taka saman alþjóðlegan lista yfir alla þá aðila sem samningsaðilarnir hafa tilnefnt sem hæfa til að gegna hlutverki aðalframkvæmdastjóra menningarverðmæta. Að frumkvæði aðalframkvæmdastjóra UNESCO skal endurskoða þennan lista reglulega á grundvelli beiðna frá samningsaðilunum.

2. gr.*Skipulag eftirlits.*

Um leið og samningsaðili verður þátttakandi í vopnuðum átökum sem falla undir 18. gr. samningsins:

- a) skal hann tilnefna málsvara fyrir menningarverðmæti á yfirráðasvæði sínu; hafi hann herumið annað yfirráðasvæði skal hann tilnefna sérstakan málsvara fyrir menningarverðmæti á því yfirráðasvæði,
- b) skal verndarríkið, sem kemur fram fyrir hönd sérhvers aðila sem á í átökum við viðkomandi samningsaðila, tilnefna fulltrúa sem er viðurkenndur gagnvart þeim síðarnefnda í samræmi við 3. gr. hér á eftir,
- c) skal tilnefna aðalframkvæmdastjóra menningarverðmæta fyrir slíkan samningsaðila í samræmi við 4. gr.

3. gr.*Tilnefning fulltrúa verndarríkja.*

Verndarríkið skal tilnefna fulltrúa sína úr hópi stjórnarsendimanna sinna eða ræðisstarfsliðs eða, með samþykki aðilans sem þeir verða viðurkenndir gagnvart, úr hópi annarra einstaklinga.

4. gr.*Tilnefning aðalframkvæmdastjóra menningarverðmæta.*

1. Aðalframkvæmdastjóri menningarverðmæta skal valinn af alþjóðlega listanum yfir aðila með sameiginlegu samkomulagi milli aðilans sem hann er viðurkenndur gagnvart og verndarríkjanna sem koma fram fyrir hönd gagnaðila.
2. Komist aðilarnir ekki að samkomulagi um þetta atriði innan þriggja vikna frá því að þeir hefja viðræður skulu þeir fara þess á leit að forseti Alþjóðadómstólsins í Haag tilnefni aðalframkvæmdastjóran sem skal ekki hefja störf fyrr en aðilinn, sem hann er viðurkenndur gagnvart, hefur samþykkt tilnefninguna.

5. gr.*Hlutverk fulltrúa.*

Fulltrúar verndarríkjanna skulu fylgjast með brotum á samningnum, rannsaka, með samþykki aðilans sem þeir eru viðurkenndir gagnvart, við hvaða aðstæður þau áttu sér stað, koma sjónarmiðum sínum á framfæri á staðnum til að tryggja að þau verði stöðvuð og, ef nauðsyn krefur, tilkynna aðalframkvæmdastjóra menningarverðmæta um slík brot. Þeir skulu halda honum upplýstum um störf sín.

6. gr.*Hlutverk aðalframkvæmdastjóra menningarverðmæta.*

1. Aðalframkvæmdastjóri menningarverðmæta skal fjalla um öll mál sem til hans er vísað í tengslum við beitingu samningsins, ásamt fulltrúa aðilans, sem hann er viðurkenndur gagnvart, og þeim fulltrúum sem hlut eiga að máli.
2. Hann skal hafa ákvörðunarvald og skipunarvald í þeim tilvikum sem tilgreind eru í þessum reglum.

3. Með samþykki aðilans, sem hann er viðurkenndur gagnvart, skal hann hafa rétt til að fyrirskipa rannsókn eða til að stýra henni sjálfur.
4. Hann skal koma á framfæri við aðila að átökunum eða verndarríkjum þeirra þeim sjónarmiðum sínum sem hann telur gagnleg varðandi beitingu samningsins.
5. Hann skal taka saman þær skýrslur um beitingu samningsins sem nauðsynlegar kunna að vera og senda þær til hlutaðeigandi aðila og verndarríkja þeirra. Hann skal senda afrit til aðalframkvæmdastjóra UNESCO sem er aðeins heimilt að nota tæknilegt efni þeirra.
6. Ef ekkert verndarríki er fyrir hendi skal aðalframkvæmdastjóri menningarverðmæta fara með hlutverk verndarríkis eins og mælt er fyrir um í 21. og 22. gr. samningsins.

7. gr.

Eftirlitsmenn og sérfræðingar.

1. Þegar aðalframkvæmdastjóri menningarverðmæta telur það nauðsynlegt, annaðhvort að beiðni hlutaðeigandi fulltrúa eða að höfðu samráði við þá, skal hann leggja fram, til samþykktar hjá aðilanum sem hann er viðurkenndur gagnvart, tillögu um eftirlitsmann menningarverðmæta sem fær sérstakt verkefni. Eftirlitsmaður skal einungis vera ábyrgur gagnvart aðalframkvæmdastjóranum.
2. Aðalframkvæmdastjóri menningarverðmæta, fulltrúar og eftirlitsmenn geta leitað eftir þjónustu sérfræðinga en þá skal einnig bera undir samþykki aðilans sem um getur í málsgreininni hér að framan.

8. gr.

Eftirlitshlutverkinu sinnt.

Aðalframkvæmdastjórar menningarverðmæta, fulltrúar verndarríkja, eftirlitsmenn og sérfræðingar skulu í engu tilviki ganga lengra en umboð þeirra segir til um. Einkum skulu þeir taka tillit til öryggisþarfa samningsaðilans sem þeir eru viðurkenndir gagnvart og undir öllum kringumstæðum skulu athafnir þeirra taka mið af hernaðarástandinu samkvæmt þeim upplýsingum sem samningsaðilinn veitir þeim.

9. gr.

Staðgenglar verndarríkja.

Ef aðili að átökum nýtur ekki eða nýtur ekki lengur góðs af starfsemi verndarríkis má fara þess á leit við hlutlaust ríki að það taki að sér hlutverk verndarríkis er varðar tilnefningu aðalframkvæmdastjóra menningarverðmæta í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 4. gr. hér að framan. Aðalframkvæmdastjóri menningarverðmæta sem þannig er tilnefndur skal, ef þörf krefur, fela eftirlitsmönnum hlutverk fulltrúa verndarríkja eins og það er skilgreint í þessum reglum.

10. gr.

Kostnaður.

Aðilinn, sem þeir eru viðurkenndir gagnvart, skal bera kostnað af þóknun og útgjöldum aðalframkvæmdastjóra menningarverðmæta, eftirlitsmanna og sérfræðinga. Þóknun og útgjöld fulltrúa verndarríkjanna skulu háð samkomulagi milli þessara verndarríkja og ríkjanna sem þau sinna hagsmunagæslu fyrir.

II. KAFLI

Sérstök vernd.

11. gr.

Bráðabirgðaskýli.

1. Kalli ófyrirséðar aðstæður á að samningsaðili setji upp bráðabirgðaskýli meðan á vopnuðum átökum stendur, sem hann óskar eftir að hljóti sérstaka vernd, skal hann tilkynna aðalframkvæmdastjóra menningarverðmæta, sem er viðurkenndur gagnvart honum, um það.
2. Telji aðalframkvæmdastjórinn að slík ráðstöfun sé réttlætanleg í ljósi aðstæðna og í ljósi mikilvægis þeirra menningarverðmæta sem fá skjól í þessu bráðabirgðaskýli getur hann heimilað samningsaðilanum að setja á skýlið það auðkennismerki sem skilgreint er í 16. gr. samningsins.

Hann skal þegar í stað tilkynna fulltrúum verndarríkjanna sem hlut eiga að máli um ákvörðun sína og getur hver þeirra fyrirskipað, innan 30 daga frests, að afturkalla skuli merkið tafarlaust.

3. Jafnskjótt og slíkir fulltrúar hafa látið í ljósi samþykki sitt eða ef 30 daga fresturinn er liðinn án þess að einhver hlutaðeigandi fulltrúa hafi hreyft andmælum og ef skýlið uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í 8. gr. samningsins að mati aðalframkvæmdastjórans skal hann fara þess á leit við aðalframkvæmdastjóra UNESCO að skýlið verði fært í skrána yfir menningarverðmæti sem njóta sérstakrar verndar.

12. gr.

Alþjóðlega skráin yfir menningarverðmæti sem njóta sérstakrar verndar.

1. Taka skal saman „Alþjóðlega skrá yfir menningarverðmæti sem njóta sérstakrar verndar“.
2. Aðalframkvæmdastjóri UNESCO skal halda þessa skrá. Hann skal láta aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og samningsaðilunum í té afrit af henni.
3. Skránni skal skipt upp í hluta, sem hver ber heiti samningsaðila. Skipta skal hverjum hluta niður í þrjár málsgreinar sem bera yfirskriftirnar: Skýli, Miðstöðvar minnisvarða, Önnur óhreyfanleg menningarverðmæti. Aðalframkvæmdastjóri UNESCO skal ákveða hvaða upplýsingar skulu vera í hverjum hluta.

13. gr.

Skráningarbeiðnir.

1. Samningsaðili getur lagt umsókn fram hjá aðalframkvæmdastjóra UNESCO um að tiltekin skýli, miðstöðvar minnisvarða eða önnur óhreyfanleg menningarverðmæti á yfirráðasvæði hans verði færð í skrána. Í slíkri umsókn skal lýsa staðsetningu verðmætanna og staðfesta að verðmætin uppfylli ákvæði 8. gr. samningsins.
2. Ef um hernám er að ræða skal hernámsríkið vera til þess bært að leggja fram slíka umsókn.
3. Aðalframkvæmdastjóri UNESCO skal senda afrit af umsóknum um skráningu til sérhvers samningsaðila án tafar.

14. gr.

Andmæli.

1. Samningsaðili getur, með bréfi til aðalframkvæmdastjóra UNESCO, andmælt skráningu menningarverðmæta. Bréfið verður að hafa borist honum innan fjögurra mánaða frá þeim degi þegar hann sendi afrit af skráningarumsókninni.
2. Í slíkum andmælum skal tilgreina þær ástæður sem þau byggjast á og eru einu gildu rökin eftirfarandi:
 - a) verðmætin eru ekki menningarverðmæti,
 - b) verðmætin uppfylla ekki skilyrðin sem um getur í 8. gr. samningsins.
3. Aðalframkvæmdastjóri UNESCO skal senda afrit af andmælabréfinu til samningsaðilanna án tafar. Ef nauðsyn krefur skal hann leita ráða hjá alþjóðanefndinni um minnisvarða, lista- og sögustaði og fornleifauppgröft og, telji hann það við hæfi, einnig hjá annarri þar til bærri stofnun eða aðila.
4. Aðalframkvæmdastjóri UNESCO, eða samningsaðilinn sem fer fram á skráningu, getur komið á framfæri hverjum þeim sjónarmiðum sem hann telur nauðsynleg við þá samningsaðila sem lögðu andmælin fram, með það í huga að fá þau afturkölluð.
5. Ef samningsaðili, sem hefur á friðartímum lagt fram umsókn um skráningu, verður þátttakandi í vopnuðum átökum áður en skráning hefur farið fram skal aðalframkvæmdastjóri UNESCO þegar í stað færa viðkomandi menningarverðmæti í skrána til bráðabirgða þar til fyrir liggur hvort andmæli, sem kunna að verða eða hafa verið lögð fram, verði staðfest, afturkölluð eða felld niður.
6. Hafi aðalframkvæmdastjóra UNESCO ekki borist orðsending innan sex mánaða frá viðtökudegi andmælabréfsins frá samningsaðilanum sem lagði fram andmælin þar sem fram kemur að þau hafi verið afturkölluð getur samningsaðilinn sem sækir um skráninguna farið fram á gerðardóm í samræmi við málsmæðferðina í næstu málsgrein hér á eftir.
7. Leggja skal beiðni um gerðardóm fram eigi síðar en einu ári eftir að aðalframkvæmdastjóri UNESCO tekur við andmælabréfinu. Báðir deiluaðilar skulu tilnefna gerðardómsmann. Hafi fleiri

en ein andmæli verið lögð fram vegna umsóknar um skráningu skulu samningsaðilarnir sem lögðu fram andmælin sammælast um að tilnefna einn gerðardómsmann. Þessir tveir gerðardómsmenn skulu velja aðalgerðardómsmann af alþjóðlega listanum sem um getur í 1. gr. þessara reglna. Geti gerðardómsmennirnir ekki komið sér saman um valið skulu þeir fara þess á leit við forseta Alþjóðadómstólsins í Haag að hann tilnefni aðalgerðardómsmann sem þarf ekki endilega að koma af alþjóðlega listanum. Gerðardómurinn sem þannig er myndaður skal setja sér starfsreglur. Ekki skal vera hægt að vísa ákvörðunum gerðardómsins til annars aðila.

8. Sérhver samningsaðili getur lýst því yfir, þegar upp kemur ágreiningur sem hann er aðili að, að hann vilji ekki beita gerðardómsmeðferðinni sem kveðið er á um í málsgreininni hér að framan. Í slíkum tilvikum skal aðalframkvæmdastjóri UNESCO leggja andmæli gegn skráningarumsókn fram hjá samningsaðilunum. Andmælin verða aðeins staðfest með tveimur þriðju hlutum atkvæða þeirra samningsaðila sem greiða atkvæði. Atkvæðagreiðslan skal fara fram bréfleiðis nema aðalframkvæmdastjóri UNESCO telji áriðandi að boða til fundar samkvæmt þeim valdheimildum sem honum eru veittar skv. 27. gr. samningsins. Ákveði aðalframkvæmdastjórinn að atkvæðagreiðslan skuli fara fram bréfleiðis skal hann biðja samningsaðilana að senda atkvæði sín í innsigliðu umslagi innan sex mánaða frá þeim degi sem þeir fá boð um það.

15. gr.

Skráning.

1. Aðalframkvæmdastjóri UNESCO skal sjá um að sérhver verðmæti sem sótt er um skráningu fyrir verði færð í skrána undir raðnúmeri, að því tilskildu að honum hafi ekki borist andmæli innan frestsins sem kveðið er á um í 1. mgr. 14. gr.
2. Hafi andmæli verið lögð fram, og með fyrirvara um ákvæði 5. mgr. 14. gr., skal aðalframkvæmdastjórinn því aðeins færa verðmæti í skrána að andmælin hafi verið afturkölluð eða ekki verið staðfest í kjölfar málsmeðferðarinnar sem mælt er fyrir um annaðhvort í 7. eða 8. mgr. 14. gr.
3. Ætíð þegar 3. mgr. 11. gr. á við skal aðalframkvæmdastjóri UNESCO færa verðmæti í skrána ef aðalframkvæmdastjóri menningarverðmæta fer fram á það.
4. Aðalframkvæmdastjóri UNESCO skal senda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, samningsaðilunum og, að beiðni aðilans sem sækir um skráningu, öllum öðrum ríkjum, sem um getur í 30. og 32. gr. samningsins, staðfest afrit af hverri færslu í skrána án tafar. Færslur skulu taka gildi þrjátíu dögum eftir sendingu slíkra afrita.

16. gr.

Niðurfelling.

1. Aðalframkvæmdastjóri UNESCO skal sjá til þess að skráning verðmæta verði felld niður:
 - a) að beiðni samningsaðilans sem á það yfirráðasvæði þar sem menningarverðmætin eru staðsett,
 - b) ef samningsaðilinn sem fór fram á skráningu hefur sagt samningnum upp og þegar uppsögnin hefur tekið gildi,
 - c) í því sérstaka tilviki sem kveðið er á um í 5. mgr. 14. gr. þegar andmæli hafa verið staðfest í kjölfar málsmeðferðarinnar sem um getur annaðhvort í 7. eða 8. mgr. 14. gr.
2. Aðalframkvæmdastjóri UNESCO skal senda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og öllum ríkjum, sem fengu afrit af færslunni í skrána, staðfest afrit af niðurfellingu hennar án tafar. Niðurfelling skal taka gildi þrjátíu dögum eftir sendingu slíkra afrita.

III. KAFLI

Flutningur menningarverðmæta.

17. gr.

Málsmeðferð til að öðlast friðhelgi.

